

Fundargerð 9. fundar stjórnar SSA haldinn 17. febrúar 2025

Fundurinn haldinn á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar og hófst 11:30.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Puríður Lilly Sigurðardóttir, Eypór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson og Axel Örn Sveinbjörnsson. Jóhann Frímann Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri, Urður Gunnarsdóttir og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

Gestir: Jóna Árný Þórðardóttir, Gunnar Jónsson, Jón Björn Hákonarson og Ragnar Sigurðsson frá Fjarðabyggð.

Dagskrá

1. Fundargerð SSA [nr. 8](#) (til kynningar)

2. Fundur með bæjarráði Fjarðabyggðar

- Fulltrúar Fjarðabyggðar fóru yfir helstu mál sem brenna á sveitarfélaginu og svöruðu spurningum stjórnarmanna. Meðal þess sem rætt var voru áhrif af loðnubresti, orkumál, málefni Reykjavíkurlugvallar, húsnæðismál, staða lögreglunnar, fjarskiptamál, uppbygging varnarmannvirkja, áhrif af fárviðrinu sem gekk yfir Austurland fyrr í mánuðinum, fyrirhugaðar sameiningar sýslumannsembætta og fleira.

1. Fjárhagur lögregluembættisins á Austurlandi

- Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri, og Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn, komu á fundinn og ræddu fjárhagsstöðu og mönnun lögreglunnar á Austurlandi. Stjórn þakkar Margréti og Kristjáni komuna og samþykkti eftirfarandi bókun:

Stjórn SSA þakkar fyrir afar gott samtali við Lögregluna á Austurlandi sem undirstrikaði mikilvægi aukins fjárstuðnings við embættið. Lögreglan hefur staðið frammi fyrir sívaxandi áskorunum á síðustu árum og vegna aukins álags er brýnt að fjölga stöðugildum samhliða auknum fjárveitingum. Fjarlægðin frá höfuðborginni eykur enn frekar álag á fyrsta viðbragð embættisins og undirmönnun ásamt fjölgun verkefna, s.s. aukið landamæraeftirlit, tíð og flókin almannavarnaviðbrögð og önnur mikilvæg verkefni, kallar á tafarlaugar aðgerðir.

SSA lýsir ánægju með faglegt starf lögreglunnar á Austurlandi og hvernig hún hefur tekist á við krefjandi verkefni. Stjórnin kallar eftir samtali við dómsmálaráðherra um nauðsyn þess að stjórnvöld bregðist skjótt við með auknum fjárframlögum til lögreglunnar á Austurlandi.

2. Skýrsla um fjarskiptamál á Austurlandi – kynning og umræður

- Þorsteinn Gunnlaugsson, höfundur skýrslunnar, fór yfir helstu niðurstöður og svaraði spurningum stjórnar. Austurbrú annast lokafrágang skýrslunnar sem verður síðan aðgengileg á vef stofnunarinnar.

3. Breytingar á samþykktum SSA

- Farið yfir næstu skref og málið verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundum SSA í mars.

4. Skipulag aðalfundur SSA

- Samþykkt að fundurinn verði á Eiðum þann 9. maí. Starfsfólk Austurbrúar annast skipulag í samvinnu við stjórn.

5. Umboð og prókúra nýs framkvæmdastjóra

- Austurbrú falið að ganga frá pappírur til undirritunar tengdum yfirfærslu á prókúru til nýs framkvæmdastjóra á öllum kennitölum er tengjast starfssviði og verkefnum hans.

6. Bókun vegna afleiðinga óveðurs á Austurlandi

- Vegna þeirra erfiðu aðstæðna sem sköpuðust á Stöðvarfirði í óveðri snemma í febrúar samþykkti stjórn SSA eftirfarandi bókun:

Í því mikla óveðri sem gekk yfir landið fyrr í febrúar sköpuðust gríðarlega erfiðar aðstæður á Stöðvarfirði sem voru enn eitt dæmið um þá innviðaskuld sem við stöndum frammi fyrir. Ekki var hægt að koma Stöðfirðingum til aðstoðar í mesta fávindrinu sem þar geisaði vegna aurflóðahættu, veðurhams og þar sem þjóðvegur 1 fór í sundur nærri byggðalaginu. Íbúar börðust því einir við að draga úr þeirri eyðileggingu sem illviðrið olli. Úr sér genginn Suðurfjarðavegur stóðst ekki álagið sem úrhellið var og ekki bætti símasambandsleysið frá Hafnarnesi og til Stöðvarfjarðar úr skák. Mikil mildi var að ekki urðu slys á fólki við þessar aðstæður.

Stjórn SSA brýnir fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að beita sér fyrir því að uppbygging Suðurfjarðavegar verði í forgangi í nýrri samgönguáætlun sem hann hefur boðað á árinu og að farsímasamband á þjóðvegakerfinu verði tryggt.

Mál til kynningar og umræðu eftir atvikum:

7. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- 24 mál í [samráðsgátt](#).

8. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundur [nr. 596 og nr. 597](#).
- SSNV, fundur [nr. 118](#).
- SASS, fundur [nr. 618](#).
- Sambandið, fundir nr. [961](#), [962](#) og [963](#).

9. Önnur mál

- Umræður um skipulag stjórnarfunda, heimsókn útvarpsstjóra í síðasta mánuði og fyrirkomulag slíkra heimsókna.

Fundi slitið kl. 15:00.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinnsson

Eyþór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson